

Sjóvá – Árshlutauppgjör

1.072 m.kr. hagnaður á fyrstu sex mánuðum ársins 2020

Annar ársfjórðungur 2020

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 213 m.kr. (2F 2019*: 718 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 1.466 m.kr. (2F 2019*: 1.043 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 1.538 m.kr. (2F 2019: 1.548 m.kr. hagnaður)
- Ávöxtun fjárfestingarsafns félagsins 4,8% (2F 2019: 4,2%)
- Samsett hlutfall 96,8% (2F 2019*: 89,0%)

6M 2020 og uppfærðar horfur

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 398 m.kr. (6M 2019*: 1.241 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 914 m.kr. (6M 2019*: 1.702 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 1.072 m.kr. (6M 2019: 2.601 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingarsafns félagsins 4,6% (6M 2019: 7,9%)
- Samsett hlutfall 97,7% (6M 2019*: 90,7%)
- Horfur fyrir árið 2020 gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 95% og að hagnaður fyrir skatta verði um 2.600 m.kr. Horfur til næstu 12 mánaða (3F 2020 – 2F 2021) gera ráð fyrir að hagnaður fyrir skatta nemi um 2.400 m.kr. og að samsett hlutfall verði um 94%.
 - Horfur um afkomu taka mið af afkomu af fjárfestingastarfsemi það sem af er ári

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Grunnreksturinn er sterkur og skilar nú jákvæðri afkomu átjándra fjórðunginn í röð með samsett hlutfall upp á 96,8%. Sterkur grunnrekstur til lengri tíma gerði okkur kleift að bregðast við þeim mikla samdrætti sem varð á umferð þegar samkomubann tók gildi á landinu í mars sl. og fella niður iðgjöld bifreiðatrygginga einstaklinga í maí. Lækkun iðgjalda vegna þessarar ráðstöfunar nemur um 650 m.kr. og kom að fullu fram á öðrum ársfjórðungi. Aðgerðin vakti ánægju viðskiptavina og við finnum fyrir miklum meðbyr vegna hennar. Síðastliðna 12 mánuði hafa viðskiptavinir Sjóvá fengið samtals um 1.300 m.kr. greiddar í formi niðurfellingar maí gjalddagans og/eða vegna tjónleysis.

Iðgjöld fjórðungsins dragast saman um 13% frá sama fjórðungi í fyrra og skýrist nær eingöngu af niðurfellingu maí gjalddaga ökutækjatrygginga. Að öðru leyti vegur iðgjaldavöxtur á einstaklingsmarkaði á fjórðungnum upp á móti samdrætti í iðgjöldum fyrirtækja og þá aðallega hjá fyrirtækjum sem starfa innan ferðapjónustunnar. Unnið hefur verið náði með þessum fyrirtækjum, líkt og öllum okkar viðskiptavinum sem á þurfa að halda, með góðum árangri.

Fjárfestingastarfsemin skilaði afar góðri afkomu á öðrum ársfjórðungi í kjölfar taps af starfseminni á fyrsta ársfjórðungi. Við höfum bent á að miklar sveiflur einkenni afkomuna í þessum hluta starfseminnar en sjaldan séð viðlíka viðsnúning líkt og varð á milli fyrsta og annars ársfjórðungs þessa árs. Afar ánægjulegt var að sjá eignasafnið taka við sér á öðrum ársfjórðungi og standa af sér miklar sveiflur á eignamörkuðum undanfarna mánuði.

Breytingartillaga stjórnar um að fresta ákvörðun um greiðslu arðs fyrir rekstrarárið 2019 var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 12. mars sl. Fjárhagslegur styrkleiki félagsins er óumdeildur líkt og uppgjör annars ársfjórðungs sýnir. Enn er þó talin vera of mikil óvissa til staðar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um hvort og með hvaða hætti staðið verður að arðgreiðslu til hluthafa líkt og til stóð í upphafi árs. Slík ákvörðun er háð samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Horfur fyrir árið 2020 gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 95% og að hagnaður fyrir skatta verði um 2.600 m.kr. Horfur til næstu 12 mánaða (3F 2020 – 2F 2021) gera ráð fyrir að hagnaður fyrir skatta nemi um 2.400 m.kr. og að samsett hlutfall verði um 94%.

Fjárfestafundur og beint streymi frá fundinum 19. ágúst kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund 19. ágúst kl. 16.15 þar sem Hermann Björnsson forstjóri mun kynna afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi og fyrstu sex mánuðum ársins. Fundurinn fer fram í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Fyrirkomulag fundarsins verður í takt við gildandi sóttvarnarreglur. Fundinum verður streymt beint á slóðinni <https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/afkomukynning-f2-2020/> og vilji aðilar bera upp spurningar sem tengjast uppgjörinu má senda þær á netfangið fjarfestar@sjova.is á meðan á útsendingu stendur og verður þeim svarað í lok fundarins.

Kynning á uppgjörinu verður aðgengileg á vef Sjóvár www.sjova.is/fjarfestar frá þeim tíma er kynningarfundurinn hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

Fjárhagsdagatal

3F 2020 – 29. október 2020

4F 2020 – 11. febrúar 2021

Aðalfundur 2021 – 12. mars 2021

The News Announcement and Investors' Presentation in English will be available on the website www.sjova.is

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur



	2F 2020	2F 2019*	%	6M 2020	6M 2019*	%
Vátryggingastarfsemi						
Iðgjöld tímabilsins	4.539	5.220	-13,0%	9.823	10.017	-1,9%
Hluti endurtryggj. í iðgjaldatekjum	-251	-250	0,2%	-571	-485	17,9%
Eigin iðgjöld	4.288	4.970	-13,7%	9.251	9.532	-2,9%
Fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri*	42	124	-66,2%	115	253	-54,6%
Aðrar tekjur	48	82	-41,2%	97	119	-18,3%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	4.379	5.176	-15,4%	9.464	9.905	-4,5%
Tjón tímabilsins*	-3.242	-3.543	-8,5%	-7.427	-6.825	8,8%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	84	79	5,5%	396	160	147,1%
Eigin tjón*	-3.158	-3.464	-8,8%	-7.032	-6.665	5,5%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-1.007	-993	1,4%	-2.034	-2.000	1,7%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	-4.165	-4.457	-6,5%	-9.065	-8.665	4,6%
Hagnaður af vátryggingarekstri	213	718	-70,3%	398	1.241	-67,9%
Fjárfestingastarfsemi						
Fjárfestingatekjur af fjárfestingastarfsemi*	1.812	1.416	28,0%	1.782	2.445	-27,1%
Tæknil. vaxta- og gengisbr.vátryggingask.*	-228	-287	-20,4%	-574	-560	2,6%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	-118	-86	37,1%	-294	-184	59,9%
Hagnaður af fjárfestingastarfsemi	1.466	1.044	40,5%	914	1.702	-46,3%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.679	1.762	-4,7%	1.313	2.942	-55,4%
Tekjuskattur	-142	-214	-33,9%	-240	-341	-29,6%
Heildarhagnaður tímabilsins	1.538	1.548	-0,6%	1.072	2.601	-58,8%
Tjónahlutfall*	71,4%	67,9%		75,6%	68,1%	
Endurtryggingahlutfall	3,2%	2,0%		1,4%	2,5%	
Kostnaðarhlutfall	22,2%	19,0%		20,7%	20,0%	
Samsett hlutfall*	96,8%	89,0%		97,7%	90,7%	
Rekstrarhlutfall	95,4%	86,6%		96,0%	88,0%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundv.	36,8%	42,0%		12,8%	35,3%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundv.	40,2%	47,8%		15,7%	39,9%	
Hagnaður á hlut	1,15	1,12		0,80	1,88	
Niðurstaða endurtrygginga	-146	-110		-139	-255	
Vátryggingaskuld	31.494	28.812		31.494	28.812	
Heildareignir	56.658	51.831		56.658	51.831	
Eigið fé	17.116	15.666		17.116	15.666	
Gjaldþolshlutfall	1,56	1,54		1,56	1,54	
Lágmarksfjármagnshlutfall	3,93	4,01		3,93	4,01	

*samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2019 hefur verið breytt í samræmi við leiðbeinandi tilmæli FME Sí nr. 1/2020

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir annan ársfjórðung 2020 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 19. ágúst 2020. Árs hlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.